




## PAXLOVID® (nirmatrelvir; ritonavír) hefur fengið markaðsleyfi á Íslandi, nirmatrelvir er einnig þekkt sem PF-07321332

[Skilyrt markaðsleyfi hefur verið veitt innan Evrópusambandsins fyrir PAXLOVID® til meðferðar við kórónaveirusjúkdómi 2019 (COVID-19) hjá fullorðnum sem ekki þurfa á súrefnisgjöf að halda og sem eru í aukinni hættu á að sjúkdómurinn versni og verði alvarlegur.]

[Lesið fylgiseðilinn í PAXLOVID®-pakkanum](#) 

[\(upplýsingar fyrir sjúklinga\)](#)

[Upplýsingar um fyrningar-  
dagsetningu PAXLOVID®](#) 

### Hvernig á að tryggja að PAXLOVID® sé ósvikið

Ósvikið PAXLOVID® frá Pfizer er með heiti Pfizer lettruðu á öskjuna og er pakkað í 5 álþynnur. Til að tryggja að töflurnar séu ósviknar á að aðgæta texta sem þrykktur er í báðar hliðar þeirra. Nirmatrelvir töflur eru bleikar, sporöskjulaga og þrykktar með „PFE“ á annarri hliðinni og „3CL“ á hinni hliðinni. Ritonavír töflur eru hvítar til beinhvítar, hylkislega og þrykktar með „H“ á annarri hliðinni og „R9“ á hinni hliðinni.



Fliparnir á endum öskjunnar eru límdir niður, til að innsigla pakkann.

Askjan er með litlausri, gljáandi húð, með heiti og merki Pfizer síendurteknu um allan flötinn. Heiti og merki Pfizer eru með mattri áferð til aðgreiningar.

**Ef þig grunar að þú hafir fengið afhent  
falsað PAXLOVID® skaltu tilkynna það  
til umboðsaðila Pfizer á Íslandi, Icepharma hf,  
sími 540 8000.**